

## Móðir mín í kví, kví – móðurásjónur

Mæður er skapanornir, örlagagyðjur. Hin góða móðir er lofsungin. Menn þora varla að spyrja: Hver er hin vonða móðir? Er hún til? Franski heimspekingurinn og rithöfundurinn, Simone de Beauvoir (1908-1986), sagði: „Móðirin er rótin, er greinist djúpt í iðrum alheimsins. [Hún getur] sogað upp safana; hún er uppsprettan. Þaðan gýs hið lifandi vatn, sem einnig er næringarrík mjólk.“

Móðirin er uppspretta nærandi safe og menningar. Barnið drekkur í sig menninguna við móðurbrjóstið. Í upphafinu er móðirin heimur afkvæmisins, skjöldur þess, tengiliðurinn við rætur í iðrum alheims og menningar. Mamma miðlar tungumáli, lífsháttum, siðum og venjum, mótar hugann, viðhorfin og skapferlið. Móðirin tekur sér bólfestu í beinmergnum, huganum og hjartanu. Móðir hefur ógnarlega völd, þau völd, er mestu máli skipta hvarvetna.

Shari L. Thurer (SLT), sálfræðingur og sálkönnuður, prófessor við háskólann í Boston, kennir í bók sinni, „Godsagnir um móðurgjörninginn. Hvernig menningin endurskapar hina góðu móður“ (The myths of motherhood: How culture reinvents the good mother): Sérhver móðir er afsprengi hinnar miklu móður, móðurgyðjunnar. Hin mikla móðir var miðdepils alls. Hún var móðurgyðjan, allt í öllu, almáttug, breytti um ham, fæddi börn, dó og endurfæddist. Hinir dauðlegu fylgdu fordæmi hennar. Hún var móðir allra guða og gyðja. Hún samdi reglurnar. Hún hafði einnig síðri hliðar, gat verið órókrétt, óraunsæ, óskipuleg og tortímandi.

Í fornaldarkviðunni um hetjuna, Gilgames, sem „er afrendur að afli, ...“ eru móðurgyðjur í mikilvægu hlutverki. „Hin mikla móðurgyðja Arúru mótaði líkamsmynd hans, hún réð hverju hann líktist, fegurstur allra manna, fullkominn.“ (Þýðing: Stefán Steinsson.)

Móðurgyðjan hafði sérstakt dálæti á reði sonarins: „Þó undarlegt megir virðast voru konur fyrstu dýrkendur skaufans. En ekki vegna hans í sjálfu sér, heldur litu þær á reðurinn sem viðbót við gyðjuna. Hann var í þágu kynlífs konunnar ... kynnautnar [hennar],“ segir SLT. Gyðjan velur sér ástmann til fylgilags. Hún hefur af honum kynferðislega nautn. „Skilaboðin eru þau, að kynlíf móður – jafnvel utan hjónabands, í blóðskömm og án æxlunartilgangs – sé gott. Það er einnig athyglisvert, að karlgúð ... er [bókstaflega] fórnarlamb, einnota afæta, kynnautnarleikfang konunnar.“

Í grískri goðafræði segir frá Medeu. Jón Gíslason fær orðið: „Medea var viti sínu fjær af ást til Jasons. Tilreiddi hún honum töfrasmýrsl, svo að eldur fékk ekki grandað honum.“ Í viðeign við dreka nokkurn „[s]væfði Meda þá með göldrum.“ Jason og Meda lögðu á flóttu. „Medea hafði og með sér ungan bróður sinn. ... brytjaði hún sveininn í sundur og kastaði líkinu lim fyrir lim í sjóinn.“ Í baráttu um yfirtöku konungsdæmis eins „[n]eytti Medea ... hatrammlegra bragða. Taldi hún dætur hins aldurhnigna konungs á að höggva föður sinni í stykki og sjóða þau í töfralegi nokkrum, er hún hafði bruggað.“ En Jason varð afhuga Medúsu og gekk að eiga Kreúsu. „Í brúðargjöf sendi Medea Kreúsu skikkju og ennishlað. Voru gripir þeir eittraðir og urðu hinni ófarsælu brúði að fjörlesti. Drap Medea síðan börn þau, er hún hafði átt við Jasoni og flýði á gandreid til Aþenuborgar.“

Börn skyldu vera þakklát móður sinni fyrir atlæti og umhyggju. Í hinu forna Egyptalandi var haft á orði: „Þú skalt endurgjalda móður þinni fyrir auðsýnda umhyggju ... Láttu henni í té allt það brauð, sem hún þarfnast og berðu hana [á herðum þér] eins og hún bar þig. Þú varst henni nefnilega byrði. Eftir að þú komst í heiminn bar hún þig á hálsi sér og í þrjú ár ól hún þig við brjóst sér...“

Þegar drengnokki vex og úr grasi og festir ráð sitt yfirferist umhyggjuskylndan til eiginkonunnar. Fornegyptskur faðir lagði syni sínum lífsreglurnar: „Ágæti þitt endurspeglast í heimilishaldi þínu; elskaðu konu þína að hennar geðþótta; sjáðu til þess, að hún sé södd og klædd; ilmvötn þarf hún á fætur sína; tryggðu henni hamingju, meðan þér endist aldur; hún er akurinn, velþóknun guðanna; það er ekki í þínu valdi að dæma hana.“

Í giftingarsáttmála á fyrstu öld fyrir Krist, segir: „Úr því, að Filikus hefur sannfært Apollínu um, að það sé við hæfi, að hún verði eiginkona hans, skal það að ráði verða. Hún skal hafa jöfn öll yfirráð yfir sameiginlegum eignum. Það er skylda Filikusar að útvega allan þann varning, sem Appollína þarfnast; klæði og þess háttar, eins og giftri konu sæmir ... [Þetta gildir] hvar sem þau kunna að hafa staðfestu í samræmi við efni.“

Mæður eiga eðlilega aðskiljanlegar ásjónur. Austurríski sállæknirinn, Sigmund Freud, „gat aldrei fengið sig til að leggja trúnað á, að mæður gætu verið grimmar, hafnað [börnum sínum] eða flekað – trú, sem kynni að hafa verið dæmigerð á Viktoríutímanum... konur voru hið blinda sjónarhorn ... [í fræðum Sigmund Freud].“ Móðir Sigmundar var drottningarinn á heimilinu og hafði hann í sérstökum hávegum, kallaði hann gulldrenginn sinn (mein goldener Sigi). Í kenningum sínum glímdi hann við eigin fjölskylduhagi og sérstaklega móðurina. „Hann umhverfði hinni valdamiklu, stjórnsömu og aðlaðandi móður í aðgengilega veru (object), gædda löngunum og þrám.“ (SLT)

Norður-ameríski barnalæknirinn, Benjamin Spock (1903-1998), skrifaði þennan boðskap til mæðra: „Þú kannt meira, en þig býður í grun“. Móðir hans var einnig örlaganorn. Hún var „grimmúðug, afar siðavönd, þverúðarfull, þó [hún væri] ævinlega trygg börnum sínum. ... {Hún hafði] dýptarsýn, því hún sá ævinlega slæma samvisku.“ (SLT) Börn komast smám saman að því, að máttugasta stjórnþæki í veröldinni er samviskan. Samviskubitið er eittraðasta bit lífsins – jafnvel fyrir okkur, eittraða karlmenn.

Móðir Loðvíks þrettánda (1601 – 1643), Frakkakonungs, var klækjarefurinn, Marie af Medici (1575-1642). Hún snerti ekki soninn fyrstu sjö mánuði lífs hans. Hann hafði fjórar brjóstmæður, þó nærri dáinn úr sulti. Fyrstu árin gældi barnfóstran við kynfæri hans og tottaði fyðil hnökkans. Frá aldrinum fjögurra til sjö ára var hann látinn sænga með hirðmeyjum og barnfóstrum og hvattur til að skoða kynfæri þeirra. Síðar á ævinni gerði hann athugasemdir um vökvun skeiðar þeirra og útlit kynfæra. Hann átti fullvaxta í erfiðleikum með holdris og var kynferðislega ruglaður í ríminu, sam- eða tvíkynhneigður, einrænn stamari. Loðvík var auk þess barinn taumlaust af barnfóstrunum, sem um síðir þurftu hjálp hermanna til að halda honum niðri.

Marie Antoninette (1755-1793), drottningu Loðvíks sextánda, var brigslað um að beita son sinn kynferðislegu ofbeldi. En hún varði sig fimlega eins og mæður gera stundum enn þann dag í dag: „Ég höfða til allra mæðra, sem viðstaddar eru í þessum salarkynnum – er slíkur glæpur hugsanlegur?“ En hún var gerð höfðinu styttri, engu að síður – líklega ekki fyrir athæfi sitt, heldur vegna stöðu sinnar.

Uppeldi Loðvíks þrettánda svipar mjög til uppeldis Gargantúa í sögu franska skáldsins, Francois Rabelais (1494? – 1553) um Gargantúa: „Þessi litli flagari var síkáfandi á fóstrum sínum, ofan og neðan, aftan og framan, húrri karíóka! og hann var þegar farinn að reyna kýlunn sem fóstrur hans skreyttu á degi hverjum með dáindis kerfum, indælum borðum, fallegum blómum, litskærum silkivöndlum; þær skemmtu sér við að láta hann koma í milli fingra sinna eins og kökukefli, og svo skelltu þær upp úr þegar hann sperraði eyrun, eins

og leikur þessi dillaði þeim. Ein sagði: sponstappinn minn, önnur þyrnirinn minn, önnur kóralgreinin mín, önnur stopparinn minn, önnur korktappinn minn, titrarinn minn, fleygurinn minn, nafarinn minn, dingullinn minn, litli harðkollurinn lági og stinni, krullujárnið mitt, litla rjóða pylsan mín, litli sæti drellirinn minn. Hann er minn, sagði ein. Ég á hann, sagði önnur. Hvað um mig? sagði sú þriðja. Hef ég engan rétt? Náðin skær, ég læt þá skera hann! Hvað skera hann! Sagði önnur. Þér gætuð meitt hann, frú! Skerið þér hluta af börnunum? Þá yrði hann kallaður herrann skottlausí.“ (Þýðing: Erlingur E. Halldórsson.)

Stjúpan hefur sérstöðu í bókmenntum Evrópu. Stjúpur gátu verið miskunnarlausar í garð stjúpbarna eins og Medea. Svo segir SLT: „Þar eð nýja eiginkonan, stjúpa barnsins, reiddi sig á karl sinn með tilliti til öryggis og samfélagsstöðu, má það eðlilegt teljast, að hún hafi lagt sig fram um að hygla eigin börnum á kostnað forvera síns – jafnvel að því marki að myrða þau.“ Hinn rauði þráður ævintýranna nær allar götur aftur til Biblíunnar. Sara, eiginkona Abrahams, gerði brottræka frilluna, Hagar, og soninn Ishmael. Hagar var þjónustustúlka Söru, sem var barnlaus. Því gaf Sara Abraham stúlkuna, svo hann mætti auka kyn sitt. Það þekkest einnig úr íslenskum veruleika, að húsfreyjur skikkuðu vinnukonur til samræðis við húsbónda.

Móðurgyðjan endurspeglast í Agrippínu yngri (15-59), móður Nerós keisara Rómarveldis. Hún var keisaraynja, flagð í fögru skinni, dró á talar, misnotaði og myrti eljur, eiginmenn og keppinauta, hvort heldur sem var að tjaldabaki eða fyrir opnum tjöldum. Sonurinn lét ganga af henni dauðri. Hann vantaði andrúmsloft, sagði hann. Neró var einn af rugluðustu keisurum Rómar. Saga Agrippínu er fjarri því að vera einstök. „[V]ar það orðið að fágaðri listgrein rómverskra mæðra að nota syni til framdráttar valdasýki sinni.“ Sömu listgrein stunduðu einnig óspart konur í íslenskum fornþókmenntum.

Á miðöldum vildu betristéttakonur oft ekki hafa börn sín á brjósti. Nýbökuð móðir skrifaði karli sínum, ítölskum kaupmanni, í eftirvæntingu: „Ég fann eina [mjólkandi móður], sem hefur mjólkað í tvo mánuði. Og hún hefur svarið að koma, deyi barnið í kvöld, um leið og það er komið undir græna torfu. Það er við dauðans dyr.“ (SLT)

Mary Goodenough var ensk ekkja síðla á sautjándu öldinni. Hún hafði skipti á kynlífi og lífsnauðsynjum við karlgranna sinn, bakara. María ól honum barn, lét það deyja drottni sínum og var dæmd fyrir barnsmorð. Í bréfi til eftirlifandi barna sjö og ellefu ára skrifar hún: „Ég sé ekki á eftir neinu í þessari veröld með jafnmikilli sorg og hugarangri, en ykkur, aumingjans börnin mín. Það eykur enn á sorgina, að synd mín skuli stytta tíma minn með ykkur í þessum heimi, þar sem ég hef syndgað glæpsamlega gegn Guði og eigin sál ... og gegn lífi hins ógæfusama hvítvoðungs, sem ég kærði mig ekki um að varðveita. Þannig hef ég einnig gert ykkur rangt til, elskulegu börnin mín, sem ég nú er nauðbeygð, sökum eigin vanrækslu, að fela ykkur hinum stóra heimi á vald, ...“

Grettir Ásmundarson var mömmustrákur eins og Egill Skalla-Grímsson og Hávar Þorgeirsson, sem voru ofurhetjur. Mæðurnar höfðu á þeim sérstakt dálæti og allir voru þeir iðnir við að ybba kíf.

Gretti er svo lýst. Hann var „óðæll í uppvexti sínum, fátalaður og óþýður, bellinn bæði í orðum og tiltektum ... fríður maður sýnum, breiðleitur og skammleitur, rauðhærður og næsta freknóttur, ekki bráðger meðan hann var á barnsaldri“. Móðir hans brynnti músum, þegar Grettir og yngsti sonurinn, Illugi, fóru í útleið til Drangeyjar. En henni varð „svipul sonareignin.“ Segir svo í Grettissögu: „Leiddi Ásdís [Báðardóttir] þá frá garði og áður en þau skildu mælti hún svo: "Nú farið þið þar synir mínir tveir og mun ykkur samdauði verða ... má

enginn renna undan því sem honum er skapað. Mun eg hvorigan ykkarn sjá sinni síðan. Látið nú eitt yfir ykkur ganga. En eigi veit eg hverja heill þið sækid þangað í Drangey en þar munuð þið beinin bera og margir munu þar fyrirmana ykkur þarvistar. Sjáið þið vel fyrir svikum. En vopnbitnir munuð þið verða. En undarlega hafa mér draumar gengið. Gæt ykkar vel við gerningum. Fátt er rammara en forneskjan." En er hún hafði þetta mælt grét hún mjög. Þá mælti Grettir: "Grát þú eigi móðir. Það skal sagt að þú hafir sonu átt en eigi dætur ef við erum með vopnum sóttir. Og lif vel og heil."

Ábyrgð og völd móður er afdrifarík með margvíslegum hætti. Í bók sinni, „Hafmeyjan og ófreskjan“ (The Mermaid and the Minotaur), segir norður-ameríski sálfræðingurinn, Dorothy Dinnerstein (1923-1992): „Börn verða skelfingu lostin, þegar rennur upp fyrir þeim, að líf þeirra sé að veði hjá móður ... Móðirin er grimmuðleg og óseðjandi; hún er hin sauruga gyðja, óútreiknanleg; henni verður ekki fullnægt. ... „Móðirin getur, gefi fullvaxa karlmaður henni færi á því, rústað karlmennsku hans, hvenær sem verða vill. Eðlilega elur slíkt vald af sér hatur í garð hennar.“

Austurríski sálkönnuðurinn, Melanie Klein, tekur í sama streng: „Barnið lifir í stöðugum ótta við hugsanlegar refsingar af móðurinnar hálfu. Samkvæmt því sem Melanie segir, bætir drengurinn sér upp tilfinningar eins og „hatur, kvíða, afbrýði og vanmátt ... með því að kynda undir stolti af skaufa sínum.“

Að dómi SLT gæti hér verið fundin skýringin á tilurð feðraveldisins víðar vegar um veröldina.

Ótilgreindar þýðingar eru höfundar.